

Skólanefndarfundur þriðjudaginn 21. mars 2017 kl. 16:15-18:00

Mættir:	Ásta, Halldór, Hanna, Herdís, Jóney, Lilja, Trausti, Særún, Þór.
Forföll boðuðu:	Þorkell, Margrét Nína og Valdimar. Hanna, Særún og Ásta mættu í þeirra stað. Brynhildur fulltrúi foreldra boðaði einnig forföll án varamanns.
Fundarstjóri:	Lilja.
Fundarritari:	Herdís.

1. Rekstur skólans

Jóney kynnti helstu tölur varðandi rekstur skólans. Í máli hennar kom fram að skólinn hefur náð að halda sig innan áætlunar það sem af er ári, einkum vegna lækkunar á yfirvinnu. Skólinn fékk 2,2 milljónir króna í síðustu viku í kjölfar þess að Rarik hótaði að loka fyrir rafmagn í skólanum ef rafmagnsreikningur fengist ekki greiddur. Þessi upphæð dugar fyrir um helmingi af útistandandi skuld skólans við birgja. Skólinn er ekki enn farinn að fá rekstarfé greitt með reglulegum hætti vegna skuldar við ríkissjóð og hefur þegar greitt um 90 þúsund krónur í dráttarvexti og vanskilagjöld. Eins og staðan er núna eru um 500 þúsund krónur inni á reikningi skólans. Enn er óljóst hvernig taka eigi á rekstrarvanda skólans til frambúðar.

2. Umsóknir um skólameistaraembættið og umsögn skólanefndar

Umsóknarfrestur um stöðu skólameistara við FSH rann út þann 3. mars sl. Umsækjendur eru:

Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri
Ásdís Sigurðardóttir, umsjónarmaður og verkefnastjóri
Eyrún Ýr Tryggvadóttir, forstöðumaður
Gerður Ólína Steinþórsdóttir, umsjónarkennari

Lilja kynnti hlutverk skólanefndar varðandi umsóknirnar. Skólanefnd þarf að vera búin að senda umsagnir um umsækjendur til Mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir 29. mars nk. Ákveðið var að tveir fulltrúar úr skólanefnd tækju að sér að gaumgæfa starfsferil umsækjenda og gera drög að umsögnum sem síðan yrðu send til annarra fulltrúa skólanefndar til samþykktar.

3. Nokkur orð um samstarf framhaldsskólanna fimm

Jóney greindi frá stöðu mála varðandi samstarf framhaldsskóla á Norðaustursvæði. Skólameistarar hafa haldið símafundi reglulega. Jóney og Herdís fóru ásamt tveimur fulltrúum úr innramatsnefnd skólans á fund um gæðastjórnun sem haldinn var í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Jóney fór á fund í Menntaskólanum á Akureyri þar sem fjallað var um samstarfsfleti skólastiganna á svæðinu. Ársfundur í samstarfsnefnd framhaldsskólanna á Norðaustursvæði verður haldinn á Laugum mánudaginn 27. mars kl. 14:00. Jóney hvatti skólanefndarfólk til að mæta á fundinn. Meðal annars stendur til að ræða um nýjan einkunnaskala sem grunnskólar eru farnir að nota við útskrift nemenda.

Jóney fjallaði um stöðu samstarfs við Framhaldsskólann á Laugum. Tveir nemendur frá FSH eru í fjarnámi í dönsku í FL. Töluverðrar tregðu hefur gætt í samstarfi varðandi félagslíf skólanna tveggja í vetur og mun þurfa að gera úrbætur á því á næsta skólaári.

4. Önnur mál

Fjallað var um þau óþægindi fylgjandi því að dregist hefur að skipa nýja skólanefnd. Sveitarfélagið hefur þegar gengið frá tilnefningu sinna fulltrúa en dráttur hefur orðið á að Mennta- og menningarmálaráðuneyti skipi nýja nefndarmenn. Þetta er óþægileg staða í ljósi þess að fyrir nefndinni liggur það mikilvæga verkefni að veita umsögn um umsækjendur um embætti skólameistara.

Jóney greindi frá því að skólafundur verði haldinn fimmtudaginn 23. mars. Umfjöllunarefnið er geðrækt en fjallað verður um sjálfsmynd ungs fólks, samskiptamiðla og fleira. Aðalbjörn Jóhannsson mun stýra fundinum en Aðalbjörn hefur starfað að geðræktarmálum á vegum UMFÍ. Efni skólafundar er liður í geðræktaráttátt skólans en skólinn fékk 500 þúsund króna styrk úr Lýðheilsusjóði til þess að vinna að þeim málaflokki á skólaárinu. Annar liður í verkefninu fólst í því að Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur var fenginn til þess að halda fyrirlestur fyrir starfsfólk skólans um að rækta eigið geð. Sá fyrirlestur var haldinn 2. mars sl.

Særún sagði frá dillidögum og árshátíð. Dillidagar fóru vel fram að vanda og árshátíðin var vegleg. Særún greindi einnig frá því að nemendur FSH hefðu unnið Lífshlaupið í þriðja skipti.

Jóney greindi lauslega frá niðurstöðum könnunar Rannsóknar og greiningar sem haldin var í október sl. Hluti niðurstaðna hefur verið sendur í framhaldsskóla landsins og lúta þær niðurstöður einkum að andlegri líðan og vímuefnanotkun. Niðurstöður varðandi andlega líðan nemenda í FSH eru svipaðar og á landsvísu en mikil aukning virðist hins vegar hafa orðið á fíkniefnanotkun meðal nemenda skólans. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða í þeim efnum og hafa stjórnendur fundað með sveitarstjóra, fræðslustjóra, félagsmálastjóra og tólmstunda- og æskulýðsfulltrúa Norðurlands um málið. Haft hefur verið samband við fulltrúa landslæknisembættis og lögreglustjóra Norðurlands eystra og munu fulltrúar þeirra halda fræðslufund þann 28. mars fyrir forráðamenn nemenda á unglingsaldri, íþróttapjálfa og fleiri sem starfa með unglungum. Þann 29. mars munu fulltrúar landlæknisembættis halda fræðsluerindi fyrir nemendur FSH og funda með fulltrúum heilsuráðs.

Jóney greindi frá störfum afmælisnefndar FSH en skólinn á 30 ára afmæli í ár. Stofndagur skólans er 1. apríl sem í ár ber upp á laugardegi svo að ákveðið hefur verið að fyrsti liður afmælishalda verði 31. mars. Þá munu nemendur og starfsfólk skólans gera sér glaðan dag. Seinni liður afmælishalda verður haldinn þann 15. september í tilefni af því að þá verða liðin 30 ár frá fyrsta skólasetningardegi. Þann dag verður haldin dagskrá þar sem menntamálaráðherra, bæjarbúum og öðrum velunnurum skólans verður boðið.

Jóney sagði frá því að Kvenfélag Húsavíkur hygðist gefa skólanum 100 þúsund krónur úr sjóði Þórunnar Hafstein. Fram hefur komið hugmynd um að nýta gjafaféð til þess að kaupa hjartastuðtæki og biðla til annarra félagasamtaka um framlög fyrir þeirri fjárhæð sem upp á vantar.

Herdís greindi frá fardögum sem haldnir voru í byrjun mars. Fardagar eru samstarfsverkefni aðila Fjarmentaskólans og ganga út á að bjóða nemendum að taka þátt í einingabærum smiðjum hverjir hjá öðrum á opnum dögum. Um tilraunaverkefni var að ræða að þessu sinni og bauð því einungis hluti skólanna upp á smiðjur. FSH bauð ekki upp á að taka við nemendum annarra skóla en sendi þrjá

nemendur ásamt kennara í skíða- og snjóbrettasmiðju í Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra á Sauðárkróki. Þetta verkefni tókst mjög vel og voru nemendur mjög ánægðir. Næsta skólaár er stefnt að því að FSH taki þátt í fardögum af fullum krafti og að dillidagar verði færðir frá lokum febrúar yfir í byrjun mars svo að það verði hægt.

Fleira var ekki rætt,
fundi slitið.